
Minnisblað

Dagsetning: 4. febrúar 2021

Höfundur: Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir

Viðtakandi: Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra

Málsnúmer/skjalalykill: 2010085

Efni: Minnisblað sóttvarnalæknis varðandi tillögur að opinberum sóttvarnaaðgerðum innanlands vegna COVID-19.

Þann 13. janúar 2021 tók gildi reglugerð um takmarkanir á samkomum vegna farsóttar af völdum COVID-19 og gildir hún til og með 17. febrúar 2021.

Að undanfögnu hefur COVID-19 faraldurinn verið í mikilli rénun innanlands og hafa 2 greinst hér með COVID-19 sl. viku og var annar í sóttkví. Jafnfram hefur álagi á Landspítalann vegna COVID-19 minnkað verulega undanfarið þó þar sé erfitt ástand vegna annarra sjúkdóma.

Rétt er einnig að benda á að ný reglugerð um takmörkun á skólahaldi nr. 1306/2020 tók gildi þ. 1. janúar 2021 þar sem mikið var slakað á sóttvarnaaðgerðum einkum í framhaldsskólum og háskólum.

Þar sem að faraldurinn hefur verið í mikilli lægð hérlendis undanfarið þá tel ég réttlætanlegt að slaka á nokkrum takmörkunum innanlands fyrr en núverandi reglugerð gerir ráð fyrir en hún gildir til og með 17. febrúar n.k. Hins vegar vil ég leggja áherslu á að mjög varlega sé farið í allar tilslakanir þar til meiri útbreiðsla hefur orðið á bólusetningum gegn COVID-19.

Á sama tíma legg ég til að viðvörunar litakóða vegna aðgerða innanlands verði breytt úr appelsínugulum í gulan.

Ég legg því til eftirfarandi sóttvarnaaðgerðir fyrir 17. febrúar 2021:

1. Ný reglugerð gildi til og með 1. mars 2021.
2. Almennar fjöldatakmarkanir verði áfram 20 manns með ákveðnum undantekningum sem tilgreindar eru sérstaklega hér að neðan. Börn fædd 2005 og síðar verði undanþegin.
3. Náandarregla verði áfram tveir metrar með ákveðnum undantekningum sem tilgreindar eru hér að neðan. Börn fædd 2005 og síðar verði undanþegin.
4. Sund- og baðstaðir verði áfram opnir fyrir 50% af leyfilegum hámarksfjölda gesta. Börn fædd 2005 og síðar teljist ekki með.
5. Líkamsræktarstöðvar megi opna með eftirfarandi skilyrðum:
 - a. Opið verði fyrir 50% af leyfilegum hámarksfjölda gesta.
 - b. Sótthreinsun búnaðar á milli notenda verði á ábyrgð rekstaraðila.
 - c. Opna megi fyrir æfingar í tækjasal að því gefnu að tæki og áhöld verði sótthreinsuð á milli notenda.

- d. Tækjasölum skuli skipt í hólf þar sem 20 manna hámark sé í hverju hólf. Gæta skuli að tveggja metra nálægðarreglu og þess gætt að loftræsting sé góð.
 - e. Allir séu fyrirframskráðir í tíma þannig að skráning sé til yfir hver var hvar og hvenær og smittrakning því auðveld.
 - f. Opna megi búnings- og sturtuaðstöðu.
 - g. Hver tími sé að hámarki 60 mín og viðvera hvers iðkanda í húsi sé því aldrei lengri en 90 mínútur.
 - h. Við komu í hús sé tryggt að allir sótthreinsi hendur og beri grímur þar til æfing hefst.
 - i. Eftir æfingu sótthreinsi allir hendur áður en búnaður er sótthreinsaður.
 - j. Eftir æfingu (þegar hendur hafa verið sótthreinsaðar) sótthreinsi allir þann búnað sem þeir notuðu. Rekstraraðili ber ábyrgð á sótthreinsun búnaðar.
 - k. Við útgöngu sótthreinsi fólk hendur.
 - l. Engir tveir tímar liggja saman svo tveir hópar eru ekki að mætast í rýmum hússins, eins og anddyri.
 - m. Milli hópa séu salerni, vaskar og aðrir snertifletir sótthreinsaðir af starfsmanni
 - n. Í sameiginlegum rýmum skal tryggja tveggja metra nálægðarreglu og þegar því verður ekki við komið skal andlitsgríma notuð.
6. Íþróttæfingar barna og fullorðinna með eða án snertingar í íþróttum innan sem utan ÍSÍ verði heimilar. Hámarksfjöldi fullorðinna í hverju hólf verði 50 manns. Sameiginleg búningaástaða verði opnuð. Gæta skal að því að búningaástaða sé þrífín og snertifletir sótthreinsaðir milli hópa. Sameiginleg áhöld verði sótthreinsaður a.m.k. tvisvar á dag og þess gætt að loftræsting sé í lagi og loftað vel út nokkrum sinnum yfir daginn.

Íþrótt- og ólympíusamband Íslands setur sérsamböndum reglur um sóttvarnir og um framkvæmd æfinga og keppna í sínum greinum í samvinnu við sóttvarnalækni. Í íþróttum sem ekki tilheyra Íþrótt- og ólympíusambandi Íslands skal setja leiðbeiningar eða fylgja sömu leiðbeiningum og sambærilegar íþróttir innan sambandsins

Um hámarksfjölda barna á íþróttæfingum gilda sömu fjöldatakmarkanir og í skólastarfi.

Íþróttakeppni barna og fullorðinna verði heimilar án áhorfenda. Hámarksfjöldi í hólf hjá börnum og fullorðnum verði 50 manns.

Reglur um skíðasvæði verði skv. leið 4 í reglum skíðasvæða í COVID-19 faraldri sem gerðar voru af Samtökum skíðasvæða á Íslandi, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og sóttvarnalækni.

Ofangreindar reglur gildi um sambærilegar hugaríþróttir og skák s.s. félagsvist og bingó.

7. Sviðslistir og kórastarf:

- a. Æfingar og sýningar með snertingu verði leyfðar fyrir allt að 50 starfsmenn á sviði. Grímur verði notaðar þegar því verður við komið nema þegar listflutningur fer fram. Leitast verði við að viðhafa tveggja metra nándarreglu. Gætt verði að handhreinsun og sótthreinsun sameiginlegs búnaðar a.m.k. tvisvar á dag og passað að loftræsting sé í lagi.
 - b. Heimilt verði að taka á móti allt að 150 sitjandi gestum í hverju hólfi og þeim gert skylt að nota grímu nema þegar neytt er drykkjar eða neysluvöru. Leitast verði við að viðhafa tveggja metra nándarreglu. Börn fædd 2005 og síðar teljast ekki með. Hlé og áfengissala á sýningum verði ekki leyfð.
 - c. Skylt verði að selja í númeruð sæti og skrá haldin yfir gesti.
8. Við athafnir trú- og lífsskoðunarfélaga þ.á.m við útfarir verði að hámarki 150 gestir; tveggja metra nándarregla verði tryggð sem og gestum skylt að nota grímu. Hámarksfjöldi í erfidrykkjum verði 20 manns.
9. Verslanir megi taka á móti 5 einstaklinum á hverja 10 m² að hámarki 150 manns. 20 starfsmenn mega vera í sama rými og viðskiptavinir.
10. Söfn og aðrir opinberir staðir megi taka á móti 5 einstaklinum á hverja 10 m² að hámarki 150 manns.
11. Skemmtistaðir, krár, spilasalir og spilakassar megi vera opnir til kl. 22 með 20 manna hámarki í rými og aðeins afgreitt í sæti. Heimilt verður að hleypa inn nýjum viðskiptavinum til kl. 21. Gætt skuli að tveggja metra nálægðarmörkum og skylt að hafa grímur þar sem að því verður ekki við komið.
12. Veitingastaðir megi hafa opið til kl. 22 og gestir verði að hámarki 20 í rými og aðeins afgreitt í sæti. Heimilt verður að hleypa inn nýjum viðskiptavinum til kl. 21 og heimilt að selja mat úr húsi til kl. 23:00. Gætt skuli að tveggja metra nálægðarmörkum og skylt að hafa grímur þar sem að því verður ekki við komið.